


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Grunnteikning 1 GRUN1FF04 Námsáætlun vorannar 2017	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 5		

Kennari	Bragi S. Óskarsson	Sk.st.	BSÓ
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemandinn öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Fjallað er um fallmyndun, ásmýndun og fríhendi-teikningu. Nemandinn öðlist færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalda, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina. Að auki hlýtur nemandinn grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga ásamt lestri teikninga.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi teikniáferðum, s.s. fríhendi-teikningu og fallmyndun
- upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum
- meðferð og notkun teikni- og mæliáhalda
- tvívíðum og þrívíðum vinnuteikningum
- lestri teikninga
- uppsetningu teikninga á vinnublað, áritun og frágangi þeirra

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa hornréttar fallmyndir
- lesa sneiðmyndir af einföldum hlutum
- teikna einfaldar vinnuteikningar með fallmyndun og nota við það viðeigandi teikniáhöld
- lesa og skilja einfaldar tæknilegar vinnuteikningar og einfaldar þrívíðar teikningar
- teikna ásmýndir af einföldum hlutum
- teikna fríhendis


Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja vinnublað, árita og ganga frá einföldum teikningu
- miðla upplýsingum á skilvirkan hátt
- málsetja einfaldar vinnuteikningar eftir viðeigandi reglum, venjum og stöðlum í mismunandi mælikvörðum
- nýta sér teiknikunnáttu í starfi

Áfanginn skiptist í tvo efnisþætti:


1. Efnisþáttur (Lotur 1 - 4): Skrift og fallmyndun I, 77 teikningar.

2. Efnisþáttur (Lota 5): Ásmýndun og fríhendi-teikning I, 23 teikningar .

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 5		
Grunnteikning 1 GRUN1FF04 Námsáætlun vorannar 2017		

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
1 - 2	Kynning námsefnis - almennt	
2- 3	Teikniáhöld – Kynningarblöð 1-5. Teikniskrif K.blöð 1-2	
3- 9	Fallmyndun I – Kynningarblöð 1-24	
9-12	Ásmyndun og frihendisteikning I: - Kynningarblöð 1 - 17	
12-18	Lokafrágangur teikninga. Síðasti kennsludagur er 4. maí.	
Vika-Mánud.	Námsefni. Verklegur hluti.	Verkefni: 75 blöð
2. 9–13. jan	Afhending námsáætlunar og kynning námsgagna.	
3–16. jan	Teikniskrif	1-2-3-4-5
4 – 23. jan	Fallmyndun I	1-2-3-5-6-7-10-11
5 – 30. jan	(Kynning á námsefni jafnóðum og verkefnum vindur fram)	12-14-15-16-17- ST
6 – 6. feb	Stöðumat fyrir 18 teikningar.	18-20-21-22-23-24
7 – 13. feb		25-26-27-30-31-38- ST
8 – 20. feb	Stöðumat fyrir 12 teikningar.	41-42-44-46-47-49-50
9 – 27. feb	Afmæli Þórunnar hynu og Þorbjargar hólmasólar 2-3 mars.	51-53-54-56-58- ST
10 – 6. mars	Stöðumat fyrir 12 teikningar.	60-61-63-66
11 –13. mars		67-68-69-70-71-73-74-76-80
12– 20.mars	Nemendur teikna heima mynd 81 ef þarf.	81-82
13 - 27.mars		1-2-3-4-5-6- ST
14 – 3.apríl	Ásmyndun og Frihendisteikning Stöðumat fyrir 15 teikningar.	8-9-10-12
15 – 10.apríl	Páskafri 7. apríl. Kennsla hefst aftur 18. apríl	
16 –17. apríl		13-14-15-16-17
17– 24. apríl		19-20-22- ST
18 – 1. maí	Stöðumat fyrir 18 teikningar. Síðasti kennsludagur 4. maí.	Verkefni eru samtals 75

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	GRUNNTEIKNING I – Útgefandi: 2008 eða nýrri. IÐNÚ:
Annað (t.d. ítarefni)	Töflubókin. Skrif, línur bls. 67-70. Fallmyndir bls. 70 – 75. Málsetning, teikninga gerðir, bls. 77 - 88,. Glærur: uppsetning mynda, teiknireglur, útlit gerð og notkun lína. Töflubókina er ekki nauðsynlegt að kaupa. Hægt að skoða töflubókina á bókasafni VMA.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 5	Grunnteikning 1 GRUN1FF04 Námsáætlun vorannar 2017	

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni	
Námsmat:	Lýsing: Próflaus áfangi	Vægi
Frammistaða á önn:	Eftir fjölda unninna verkefna, réttleika og frágangi þeirra.	100 %
Lotur:	Námsefninu er skipt í 5 lotur . Nemendur komi með unnin verkefni til kennara strax að loknu verkefninu (hverri teikningu), og eru lokaskil síðustu verkefna í næst síðasta tíma viðkomandi lotu. Nemandi má ekki safna upp teikningum til að skila kennara til undirskriftar.	Hver teikning gildir 1,33%
Verkefnaskil:	Samkvæmt námsáætlun. Í hverri lotu þarf að skila öllum teikningum skv. námsáætlun. Ekki er hægt að færa skil á milli lota. Verði skilin minni (færri en 75 teikningar) þýðir það 4,0 í einkunn eða lægra, sem er fall.	
Kennaraleiðbeiningar:	Kennari fer yfir leiðbeiningablöð og leiðbeinir nemendum í tímum um uppsetningu og frágang teikninga.	
Vinnuskylda í tímum:	Ætlast er til að nemendur vinni allar teikningar í tímum. Fyrir þá sem einhverja hluta vegna (t.d. vegna veikinda) geta ekki klárað allar teikningar í tímum getur kennari leyft viðkomandi að teikna heima. Í tímum þarf þó að teikna myndir 80-82 og allar ásmyndunar og frihendisteikningar. Nemanda er skylt að mæta í alla tíma samkvæmt skóladagatali og fellur enginn tími niður. Nemandi skal mæta á réttum tíma í hverja kennslustund og hefja strax vinnu við verkefnin.	
Námsmat:	Í næstu viku eftir hverja lotu er gefin einkunn. Allar teikningar hafa jafnt vægi. Eftir hverja lotu byrja allir nemendur á fyrsta verkefni næstu lotu. Aðeins teikningar sem skilað er innan síðasta skilatíma lotunnar eru metnar til einkunnar. Verði nemandi uppvís að því að nýta sér vinnu annarra (t.d. með kópieringu, eftirritun) verða teikningar ógildar og nemandi hugsanlega vísað úr áfanganum.	
Verkfæri:	Á bls. 4 í námsáætlun eru myndir af þeim verkfærum sem nemandi þarf að koma með í alla tíma. Verkfærin eru eftirfarandi: Hringmáti, sporbaugsmáti, sirkill, línuveiðari, gráðubogi, 2 gerðir teiknihorna , (franskar kúrfur og stafahorn ekki nauðsynleg) Auk áhalda sem eru sýnd eru á bls. 4 þarf eftirfarandi: 1) Teikniborð A3 . 2) Þrjár stærðir fallblýanta : A) 0,3 eða 0,35 mm. B) 0,5 mm. C) 0,7 mm. Byrja skal með blý af hörkunni HB . (Kennari velur aðra gerð blýs fyrir hvern einstakan nemenda í samráði við viðkomandi nemanda ef þarf) 3) Strokleður . 4) Pensill , breidd u.þ.b. 1 cm. 5) Reglustrika bein , lengd u.þ.b. 25 cm. Kennari getur vísað nemanda úr tíma sé nemandinn ekki með tiltæk verkfæri meðferðis.	

Dagsetning: 6.1. 2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstjóra, fagstjóra eða staðgengils

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	Grunnteikning 1 GRUN1FF04 Námsáætlun vorannar 2017	

